

Desember 2023



Stefnumótun um gönguleiðir

Tillögur vinnuhóps



Stjórnarráð Íslands

Desember 2023

Stjórnarráð Íslands

Stefnumótun um gönguleiðir – Tillögur vinnuhóps

Skýrsla vinnuhóps um gönguleiðir

Ábyrgð: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Útgefandi: Stjórnarráð Íslands

Textavinna, töflur og gröf: Stjórnarráð Íslands

Forsíðumynd: Ása Ögmundsdóttir. Myndin sýnir Jökulgil við Landmannalaugar.

ISBN 978-9935-9756-2-1

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
1. Inngangur	5
1.1 Markmið, afmörkun og lýsing verkefnis	7
1.2 Samráðsferli	8
2. Tillögur vinnuhópsins – stefnumótun um gönguleiðir	9
2.1 Umsjón með Stiku-kerfinu	9
2.2 Umsjón með einstaka gönguleiðum - samstarfshópar	10
2.3 Ástandsmat og vöktun	11
2.4 Flokkun gönguleiða, Stika I-III	12
2.5 Erfiðleikastig og innviðir	15
2.6 Öryggismál	16
2.7 Fjármögnun	17
2.8 Stefnu- og upplýsingaskjöl fyrir gönguleiðir	17
2.9 Stuðningur við umsjónaraðila gönguleiða	18
3. Tilraunaverkefni	19
3.1 Tilgangur og markmið	19
3.2 Val á gönguleiðum í tilraunaverkefni	19
3.3 Hlutverk umsjónaraðila í tilraunaverkefni	22
3.4 Framkvæmd tilraunaverkefnis	22
3.5 Niðurstöður tilraunaverkefnis	23
3.5.1 Almennt um stefnumörkunina	23
3.5.2 Samstarfshópar	23
3.5.3 Ástandsmat gönguleiða	24
3.5.4 Langtímastefna um umfang innviða	24
3.5.5 Fjármögnun	25

4. Heimildaskrá.....	26
Víðauki I: Framtíðarþróun verkefnisins	28
Víðauki II: Stýring.....	30
Víðauki III: Erfðleikastig.....	33
Víðauki IV: Greining á eignarhaldi lands á gönguleiðum.....	34
Víðauki V: Samantekt á innsendum umsögnum um tillögur vinnuhópsins	35

1. Inngangur

Í þessari greinargerð eru kynntar tillögur vinnuhóps um stefnumótun um gönguleiðir, tvær dagleiðir eða lengri. Einnig er skýrt frá tilraunaverkefni um gönguleiðir sem vinnuhópurinn vann sumarið 2022, á grundvelli draga að tillögunum. Tilraunaverkefnið var unnið í samstarfi við samstarfshópa um þær gönguleiðir sem tóku þátt í verkefninu.

Starf vinnuhópsins byggir á þingsályktun nr. 27/148¹ um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (verkefnaáætlun 2019-2021²). Þingsályktunin á stoð í lögum nr. 20/2016³, en markmið laganna er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum vegna álags af völdum ferðamennsku og útivistar. Sú vinna sem hér er kynnt er því hluti af stærra verkefni.

Í grein 5.1.1. í ofangreindri þingsályktun er hlutverki vinnuhópsins lýst:

*„Skipaður verði verði vinnuhópur til að vinna **stefnumótun um gönguleiðir og þá umgjörð sem þeim þarf að skapa**. Unnið verði að tilraunaverkefni um ferðamannaleiðina Laugaveg frá Landmannalaugum til Þórsmerkur. Vinnuhópurinn leggi fram stefnumótandi tillögur að **umbótum á löggjöf varðandi ferðamannaleiðir, fyrirkomulag í skipulagi, formlega umsjón, erfiðleikastig og þjónustu- og öryggisstig** og öðrum atriðum sem lúta að þessu viðfangsefni“.*

Vinnuhópur um stefnumótun um gönguleiðir var stofnaður í desember 2020 með fulltrúum frá Umhverfisstofnun, Ferðamálastofu, Skógræktinni, Landgræðslunni, Skipulagsstofnun, Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Ferðafélags Íslands og Markaðsstofum landshluta. Þann 1. maí 2021 var Gísli Rafn Guðmundsson ráðinn sem verkefnastjóri til ráðgjafar vinnuhóps og skýrsluritunar. Þá bættist við fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun Íslands í byrjun júní 2021. Gísli Rafn hvarf til annarra starfa í maí 2022 og tók formaður vinnuhópsins þá við hans hlutverki.

Tillögur þær sem hér eru lagðar fram taka mið af fjölbreyttri vinnu sem þegar hefur farið fram á ýmsum öðrum vettvöngum, svo sem:

- **Náttúrustígar:** leiðbeiningar um gerð náttúrustíga (www.godarleidir.is)⁴
- **Varða:** heildstæð nálgun áfangastaðastjórnunar

¹ Þingsályktun nr. 27/148 (2018)

² Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og minjum -Verkefnaáætlun 2019-2021 (2019)

³ Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

⁴ Stjórnarráð Íslands (2021)

- **Vegrún:** merkingarkerfi fyrir ferðamannasvæði og friðlýst svæði (www.godarleidir.is)⁵
- **Skipulag og ferðamál:** hugmyndahefti Skipulagsstofnunar⁶
- **Heildræn skráning á fornum leiðum á miðhálandinu.** Unnið fyrir Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rammaáætlun.⁷
- **Íslenskir Þjóðstígar:** nemendaverkefni styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna, Eflu verkfræðistofu og Ferðamálastofu varðandi stefnumótun um gönguleiðir⁸

Vinnuhópurinn fékk jafnframt kynningar frá eftirfarandi aðilum:

- Ólafur Árnason, Skipulagsstofnun. Ferðamannastaðir- leiðbeiningar um stefnumótun, skipulag og leyfisveitingar auk kynningar á verkefninu Íslenskir Þjóðstígar
- Davíð Arnar Stefánsson, Landgræðslan. Náttúrustígar
- Gerður Jónsdóttir, Hönnunarmiðstöð. Merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum
- Rannveig Ólafsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands. Umfjöllun um gönguleiðir: Göngustígur, hlaupastígur, hjólastígur. Hvar og fyrir hverja?
- Jón Björnsson, Umhverfisstofnun. Verkfæri til að meta ástand áfangastaða
- Eydís Líndal Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands. Gagnagrunnur LMÍ um gönguleiðir
- Viktoría Rán Ólafsdóttir, Ferðamálastofu. Verkefni Ferðamálastofu um skráningu styttri gönguleiða
- Hildur Kristjánsdóttir og María Reynisdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Varða - áfangastaðir

Fundir hópsins urðu samtals rúmlega 20 talsins frá desember 2020 til maí 2023. Eftir því sem vinnu hópsins vatt fram voru stofnaðir tímabundnir málefnaþópar með fulltrúum úr vinnuhópnum og úr ýmsum öðrum áttum eftir því sem þörf krafði. Viðfangsefni málefnaþópanna voru eftirfarandi:

- Málefnaþópur um mjög viðkvæm svæði
- Málefnaþópur um verkfæri til að meta ástand gönguleiða
- Málefnaþópur um erfiðleikastig
- Málefnaþópur um öryggi
- Málefnaþópur um þjónustustig og flokkun gönguleiða
- Málefnaþópur um umsjón og ábyrgð
- Málefnaþópur um landupplýsingagögn og vefsjá

⁵ Stjórnarráð Íslands (2021)

⁶ Skipulagsstofnun (2015)

⁷ Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2019)

⁸ Gísli Rafn Guðmundsson (2014)

Vinnuhópurinn var jafnan upplýstur um efni og innihald funda málefnaþópanna og umræður á þeim. Þannig skilaði vinna málefnaþópa sér inn í tillögur vinnuhópsins.

1.1 Markmið, afmörkun og lýsing verkefnis

Í starfi hópsins varð ljóst að tillögur hans að umgjörð um gönguleiðir myndu nauðsynlega afmarkast, a.m.k. fyrst um sinn, við verksvið umsjónaraðila gönguleiða og það umboð sem þau hafa til að leggja leið um landið og sinna uppbyggingu og viðhaldi þeirra innviða sem álitnir eru nauðsynlegir og æskilegir á gönguleiðinni. Annað sem viðkemur gönguleiðum, t.d. öryggismál í víðu samhengi, náttúruvá og mat á nauðsynlegum aðgerðum til verndar náttúru- og menningarminjum, er á forræði fjölda annarra aðila. Vinnuhópurinn lítur svo á að umboð hans nái til þess að **vinna fram tillögur að kerfi sem umsjónaraðilar gönguleiða geti hagnýtt sér við að skilgreina það þjónustustig og magn og tegund innviða sem stefnt er að á viðkomandi gönguleið**. Þess vegna ná tillögur vinnuhópsins á þessu stigi ekki utan um alla þá þætti sem nefndir eru í umfjöllun um vinnuhópinn í ofangreindri þingsályktun.

Tillögur vinnuhópsins lúta að eftirfarandi atriðum:

- Mat á ástandi lengri gönguleiða (2 dagleiðir eða lengri) og þeirra nánasta umhverfis
- Flokkun gönguleiða eftir þjónustustigi og magni innviða
- Fyrirkomulagi í skipulagi lengri gönguleiða (2 dagleiðir eða lengri);
- Skilgreiningu umsjónaraðila með lengri gönguleiðum, hlutverk þeirra og ábyrgð
- Aðgengi að upplýsingum um erfiðleikastig, þjónustu og öryggisstig gönguleiða

Á grundvelli draga að þessum tillögum setti vinnuhópurinn upp tilraunaverkefni þar sem umsjónaraðilar þriggja lengri gönguleiða voru virkjaðir til að prófa tillögur hópsins á viðkomandi gönguleiðum sumarið 2022.

Vinnuhópurinn skipti vinnu í tengslum við viðfangsefni verkefnisins í þrjá fasa, tilraunaverkefni er hluti af Fasa II:

- **FASI I: Greiningar og forsendur:** Greiningarvinna og skilgreiningar sem verður að vinna áður en ákvörðun er tekin um framhaldið.
- **FASI II: Prófun og athuganir:** Prófa kerfið á gönguleið, Laugavegi auk tveggja annarra leiða sem bjóða upp á aðrar aðstæður (leið sem ekki hefur eins sterka stöðu hvað varðar innviði, markaðssetningu, sögu og umsjón og Laugavegurinn).
- **FASI III: Framkvæmd og ákvarðanir:** Ákvörðun um að fara áfram liggur fyrir og þá skoða nánar atriði varðandi innviði, viðmót, vörumerki og önnur atriði er lúta að nánari útfærslum.

Vinsælar lengri gönguleiðir á borð við Laugaveg hafa verið undir vaxandi álagi undanfarin ár. Jafnframt má gera ráð fyrir áframhaldandi aukningu göngufólks.

Einn megentilgangur stefnumótunarinnar er að undirbúa aðrar gönguleiðir fyrir aukinn fjölda gesta í þeirri von að fleiri valmöguleikar muni dreifa hinu fyrirsjáanlega aukna álagi frá vinsælustu leiðunum.

1.2 Samráðsferli

Drög að tillögum hópsins voru lagðar fram í samráðsgátt stjórnvalda⁹. Málið var í umsagnarferli í þrjár vikur, frá 27.04.2023 til 18.05.2023. Alls bárust 5 umsagnir. Samantekt á innsendum umsögnum er að finna í viðauka V við þessa skýrslu.

Vinnuhópurinn hittist á fundi 30.05.2023 til að fara yfir efni umsagnanna og taka afstöðu til þeirra. Á fundinum var ákveðið að gera þrjár efnislegar breytingar á tillögum hópsins út frá innkomnum umsögnum. Þessum breytingum, sem varða flokkun gönguleiða og nýja tillögu um utanumhald um verkefnið, er lýst í meginþexta skýrslunnar.

⁹ [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3460](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3460)

2. Tillögur vinnuhópsins – stefnumótun um gönguleiðir

Lögð er fram tillaga að kerfi viðmiða um umsjón með lengri gönguleiðum og umfang innviða á gönguleiðunum. Kerfið ber vinnuheimið „Stika“. Viðföng viðmiðanna eru einstaka gönguleiðir, tvær dagleiðir eða lengri. Kerfið leggur til skilgreiningar á umsjónaraðilum leiða, hlutverki þeirra og ábyrgð. Einnig flokkar kerfið gönguleiðir í þrjá flokka, sem nefndir eru Stikur, eftir umfangi þeirra innviða á leiðinni sem beint tengjast hlutverki leiðarinnar sem ferðamannaleiðar. Þannig eru gönguleiðir flokkaðar sem I-III Stikur eftir tegund, gerð og umfangi innviða á gönguleiðunum.

Til viðbótar er lögð fram framtíðarsýn eða leiðarljós fyrir lengri gönguleiðir:

Að til verði kerfi varðandi utanumhald um lengri gönguleiðir (tvær dagleiðir eða lengri) með skilgreindum umsjónaraðila hverrar leiðar ásamt stefnu þeirra um þróun gönguleiðarinnar og hvaða flokk Stiku stefnt er að því að hver leið uppfylli. Innviðir verði lágstemmdir og umhverfisvænir og þess gætt að þeir falli vel inn í umhverfi. Uppbygging innviða verði eins umfangslítill og kostur er. Upplýsingar um gönguleiðir verði aðgengilegar fyrir notendur ásamt því að bæta öryggi og vernda náttúru- og menningarminjar.

Vinnuhópurinn telur ekkert hafa komið fram í sinni vinnu sem gefi tilefni til að leggja til nokkurs konar breytingar á lögum eða reglugerðum, enda rúmist allar tillögur hans vel innan núverandi lagaramma.

2.1 Umsjón með Stiku-kerfinu

Töluverð umræða fór fram innan vinnuhópsins um hvernig færi best á því að halda utan um Stiku-kerfið í heild. Eftirfarandi valmöguleikar þóttu raunhæfastir:

Heiðursmannasamkomulag. Umsjónaraðilar gönguleiða taki mið af Stiku-kerfinu í ákvarðanatöku um ástandsmat og innviðaþörf og -uppbyggingu sinna gönguleiða til framtíðar og fylgi því eftir gagnvart sjálfum sér, án formlegrar aðkomu opinberra aðila. Nái kerfið að verða útbreitt má svo gera ráð fyrir að umsjónaraðilar gönguleiða muni njóta aðhalds hver frá öðrum varðandi uppfyllingu krafna kerfisins.

- **Kostir:** Lágmarkun á tíma og kostnaði fyrir umsjónaraðila vegna samskipta við opinbera aðila. Lágmarkun á kostnaði hins opinbera vegna reksturs kerfisins.
- **Gallar:** Erfitt fyrir notendur gönguleiða að staðreyna að leið uppfylli viðmið í reynd. Styrktaraðilar hugsanlega tregir til að líta á Stiku-merkið sem gæðastimpil í umsóknum um fjármuni til uppbyggingar og viðhalds

gönguleiðanna. Ólíklegt að sú yfirsýn yfir gönguleiðir hérlendis, sem stefnt var að í þingsályktun með innviðaaætlun, náist fram.

Aðili innan stjórnáætlunar haldi utan um kerfið. Hér getur verið um að ræða stofnun, ráðuneyti eða annan opinberan aðila, en orðið „stofnun“ verður notað hér á eftir. Umsjónaraðilar gönguleiða nota Stiku-kerfið til að marka stefnu um hve margar Stikur gönguleiðin skal uppfylla til framtíðar og fylgja viðmiðum þar að lútandi. Í upphafi senda umsjónaraðilar inn umsókn til viðkomandi stofnunar um að verða hluti af Stiku-kerfinu. Í kjölfarið myndu umsjónaraðilar eiga í reglulegum samskiptum, t.d. einu sinni á ári, við viðkomandi stofnun um gönguleiðina svo tryggt sé að hún uppfylli áfram viðmið fyrir þátttöku í kerfinu.

- **Kostir:** Tryggir góða yfirsýn yfir stöðu og ástand helstu gönguleiða landsins og nær þar með fram markmiðum þingsályktunar um uppbyggingu innviða. Notendur gönguleiða geta gengið að því vísu að gönguleiðir uppfylli viðmið Stiku-kerfisins um innviði. Stiku-merkið getur áunnið sér sess sem viðurkenningarstimpill, m.a. vegna umsókna um fjármagn til uppbyggingar og viðhalds gönguleiðanna.
- **Gallar:** Einhver kostnaður mun fylgja svona fyrirkomulagi, bæði vegna vinnu stofnana og umsjónaraðila gönguleiðanna. Umsjónaraðilar þurfa að vera tilbúnir að leggja í ákveðið mikla vinnu á hverju ári til að viðhalda stöðu gönguleiðarinnar í kerfinu.

Í þessu samhengi er vert að benda á að í greinargerð með þingsályktunartillögu þeirri sem varð að þál. 27/148 segir eftirfarandi í almennum athugasemdum:

„Ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði í eigu hins opinbera, þ.m.t. innan þjóðlendna, falla sjálfkrafa undir tólf ára stefnumarkandi landsáætlun og þriggja ára verkefnaáætlun. Hvað varðar önnur svæði er það hlutverk sveitarfélaga að gera tillögu til verkefnisstjórnar um ferðamannaleiðir, ferðamannastaði og ferðamannasvæði sem þau kjósa að falli undir áætlanirnar, liggja innan marka þeirra og eru ekki í eigu hins opinbera. Ef um er að ræða svæði í einkaeigu þarf að liggja fyrir samþykki landeigenda.“

Út frá þessu má álykta að vilji löggjafans hafi verið sá að það komi í hlut verkefnisstjórnar landsáætlunar að samþykkja gönguleiðir inn á áætlunina/inn í kerfið.

2.2 Umsjón með einstaka gönguleiðum - samstarfshópar

Við núverandi aðstæður er sjaldan ef nokkurn tíma formlega skilgreint hvaða aðilar bera umsjónarlega ábyrgð á lengri gönguleiðum hérlendis. Í reynd er umsjón innviða oftast í höndum þeirra aðila sem byggðu innviðina upp eða reka þá (t.d. ferðafélaga sem reka gistiskála). Sjálf gönguleiðin hefur oft engan skilgreindan umsjónaraðila og eftirlit með henni því í besta falli gloppótt.

Umsjónaraðili fyrir gönguleiðir í viðmiðunarkerfi Stiku getur verið annaðhvort opinber eða sjálfstæður aðili. Þá er gerð tillaga að skilgreiningu umsjónaraðila gönguleiða innan gæðakerfisins, ásamt tillögu að skipulagi samstarfsvettvangs á þeim leiðum sem fleiri aðilar en einn koma til greina sem umsjónaraðili leiðar.

Þar sem fleiri aðilar en einn koma til greina sem umsjónaraðili leiðar er gerð tillaga að stofnun **samstarfshópa** sem skipaðir eru fulltrúum aðila sem koma að rekstri og umsjón tiltekkinnar gönguleiðar. Markmið samstarfshópa er að skilgreina hlutverk og ábyrgð mismunandi aðila innan hópsins og mynda sameiginlega áætlun og sýn um umsjón gönguleiðar. Hagaðilar geta verið mismunandi milli gönguleiða, til að mynda:

- Ferðafélag/-félög
- Stofnanir hins opinbera sem fara með umsjón lands sem tiltekin gönguleið fer um
- Sveitarfélag/-félög sem tiltekin gönguleið fer um
- Aðilar í ferðaþjónustu sem eru með rekstur á leiðinni, þ.e. skála eða tjaldsvæði
- Landeigendur
- Önnur ferðafélög eða félagasamtök

Samstarfshópar geta verið mannaðir fulltrúum frá þessum aðilum, eins og við á fyrir hverja gönguleið.

Þá eru eftirtaldir aðilar nefndir sem mögulegir tengiliðir eða ráðgjafar samstarfshópa, um afmörkuð viðfangsefni t.d. náttúruvernd eða markaðsmál:

- Ferðamálastofa
- Áfangastaða- og markaðsstofur landshluta
- Landgræðsla ríkisins
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands

Æskilegt væri að samstarfshópur tilgreini fulltrúa hópsins sem gegnir hlutverki tengiliðs hópsins við þann aðila sem kemur til með að halda utan um kerfi Stiku, sbr. umfjöllun um umsjón með Stiku-kerfinu hér að framan.

2.3 Ástandsmat og vöktun

Til þess að skilgreina megi gönguleið opinberlega og birta á korti þarf að huga að ýmsum þáttum. Meðal annars þarf að tryggja utanumhald með leiðinni og að lágmarks innviðir séu til staðar, svo og viðhald þeirra. Innviðir geta verið í formi efnislegra hluta, svo sem stikur og merkingar, en einnig í formi mannafla sem heldur utan um ákveðna þætti t.d. landvörslu, eftirlit, viðhald og framkvæmdir. Einnig þarf að tryggja viðhald á innviðum og sjálfri leiðinni. Einnig er nauðsynlegt að huga að því að skilgreina þolmörk leiðarinnar.

Þolmörk ferðamannastaða er vítt viðfangsefni en skipta má mati á þolmörkum ferðamannastaða í eftirfarandi:

- Þolmörk náttúru- og menningarminja
- Þolmörk innviða
- Þolmörk á upplifun ferðamanna
- Þolmörk heimamanna

Til að unnt sé að meta þolmörk á upplifun ferðamanna þurfa að liggja fyrir skýr markmið um hvaða upplifun stöðum er ætlað að veita og eða til hvaða markhópa þeir eiga að höfða í skipulagi ferðamannastaða¹⁰. Slík markmið geta verið misjöfn fyrir ólíka áfangastaði, t.d. eftir því hvort þeir eru á láglandi eða hálendi, í grennd við mikla þjónustu eða ekki. Þannig gætu gönguleiðir á hálendi og fáfarnari stöðum með minni þjónustu höfðað til náttúrusinnaðra ferðamanna á en gönguleiðir sem fara nærri byggð höfðað til breiðari hóps (þ.e. meira þjónustusinnaðra ferðamanna). Í þessu samhengi er vísað í svokallað *afþreyingarróf* ferðamanna. Í því felst að umhverfi ferðamannastaðar er skoðað í heild sinni og afþreyingarmöguleikar dregnir fram og myndað eins konar róf afþreyingarmöguleika og gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu eftir því hvers konar ferðamennska hentar á svæðinu og hvort ákjósanlegt sé að höfða til þjónustusinnaðra eða náttúrusinnaðra ferðamanna¹¹. Þannig má gera ráð fyrir meiri þjónustu og þar með uppbyggingu fyrir þjónustusinnaða ferðamenn en minni fyrir þá náttúrusinnaðu.

Til að tryggja sjálfbærni í ferðaþjónustu sem gerir út á náttúruna þarf því að skipuleggja með það að leiðarljósi að náttúran skerðist sem minnst og á þann hátt að ferðamennskan grafi ekki undan tilvist sinni¹².

Umhverfisstofnun hefur síðan 2017 notað nýtt [verkfæri](#) til að meta ástand áfangastaða innan friðlýstra svæða. Í tengslum við störf vinnuhópsins hefur Umhverfisstofnun aðlagð það verkfæri svo meta megi ástand gönguleiða, innviða á þeim og náttúru- og menningarminja á gönguleiðinni. Þá er í gangi [Vöktunarverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands](#) (NÍ) sem er þó ekki hluti af því tilraunaverkefni sem hér er kynnt vegna gönguleiða. Vöktunarverkefni NÍ getur þó átt sér stað á þeim svæðum sem sumar gönguleiðanna fara um.

Tryggja þarf lágmarks viðhald og eftirlit með ástandi gönguleiðanna. Vinnuhópurinn gerir það að tillögu sinni að nýtt verkfæri Umhverfisstofnunar til að meta ástand gönguleiða verði notað til þess. Umsjónaraðilar gönguleiða sjái um að gera úttekt á gönguleiðum að vori og hausti. Niðurstöður ástandsmats má svo nýta í gerð aðgerða- og framkvæmdaáætlana fyrir gönguleiðirnar.

2.4 Flokkun gönguleiða, Stika I-III

Tillaga hópsins er að mynda þriggja stiga kerfi lengri gönguleiða með mismiklum innviðum. Kerfið ber vinnuheitið „Stika“, en hugsunin með því er að flokka

¹⁰ Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016

¹¹ Stankey 1982, Wallsten 1988

¹² Butler, 2006

gönguleiðir í þrjá flokka eftir umfangi eða gæðum innviða. Einnig felst í því yfirlýst ákvörðun um ábyrga stjórnun gönguleiða, til að mynda að umsjónaraðilar gönguleiða framkvæmi reglulegt eftirlit með ástandi stíga, náttúru, minja og innviða og noti til þess verkfæri Umhverfisstofnunar til að meta ástand gönguleiða.

Í samhengi gönguleiða er þó ekki endilega verið að horfa til umfangsmikillar uppbyggingar innviða. Frekar er horft til innviða í formi stikunar og merkinga gönguleiða, salernisaðstöðu og gistimöguleika á tjaldsvæði annars vegar og í skála eða hóteli hins vegar, og ávallt í samræmi við náttúru og umhverfi hvers staðar. Við gönguleiðir á láglendi og í nágrenni við þéttbýli gætu verið umfangsmeiri innviðir en minni innviðir á fáfarnari stöðum svo sem innan þjóðlendna á hálendinu. Ekki væri endilega keppikefli fyrir gönguleiðir að komast í hærri flokk með auknum innviðum, heldur gæti stefna legið fyrir á ákveðnum leiðum að halda þeim með lágmarks innviðum og þar með í lægri flokki.

Vinnuhópurinn leggur fram eftirfarandi flokkun eftir innviðum og þjónustustigi í kerfi Stiku I-III, sjá líka töflu 1. Gert er ráð fyrir að frumkvæði að því að gerast aðili að Stiku-kerfinu komi í öllum tilfellum frá umsjónaraðila/samstarfshópum gönguleiða. Umsjónaraðili/samstarfshópur gönguleiðar er sá aðili sem tekur ákvörðun um hversu mörgum Stikum skuli stefnt á að gönguleið uppfylli og hefur umsjón með framfylgd þeirrar stefnu.

Stika I:

- Gönguleið er stikuð/vörðuð eða merkt, vegprestar á þeim stöðum þar sem gönguleiðir greinast
- Upplýsingar um gönguleið aðgengileg fyrir notendur, t.d. á vefsíðu opinberra aðila, ferðafélaga eða ferðaþjónustufyrirtækja
- Ekki krafa um skilgreinda gististaði
- Ástandsmat fer fram á vorin og haustin og brugðist við niðurstöðu með viðeigandi aðgerðum eftir þörfum

Stika II:

- Gönguleið er stikuð/vörðuð eða merkt, vegprestar á þeim stöðum þar sem gönguleiðir greinast
- Upplýsingar um gönguleið aðgengileg fyrir notendur, t.d. á vefsíðu opinberra aðila, ferðafélaga eða ferðaþjónustufyrirtækja
- Tjaldstæði/gistimöguleikar í náttstað á flestum dagleiðum fyrir utan upphaf og enda
- Ástandsmat fer fram að vori og hausti og brugðist við niðurstöðunni með viðeigandi aðgerðum eftir þörfum

Stika III:

- Gönguleið er stikuð/vörðuð eða merkt, vegprestar á þeim stöðum þar sem gönguleiðir greinast
- Upplýsingar um gönguleið aðgengileg fyrir notendur, t.d. á vefsíðu opinberra aðila, ferðafélaga eða ferðaþjónustufyrirtækja
- Tjaldstæði og/eða skálagisting í náttstað á öllum dagleiðum fyrir utan upphaf og enda
- Ástandsmat fer fram vor og haust og brugðist við niðurstöðunni með viðeigandi aðgerðum eftir þörfum
- Upplýsingaskilti við upphaf og endi hvernar dagleiðar
- Skilgreint opnunartímabil

Allir Stikuflokkar:

- Eins og fram kemur í viðauka II: Stýring telur hópurinn ekki rétt að leggja fram leiðbeiningar varðandi innviði í tengslum við gístimöguleika innan óbyggðra víðerna að svo komnu máli.

Hvað upplýsingamiðlun umsjónaraðila til notenda í opinni vefgátt (heimasíðu) varðar er vísað til gagnlegra upplýsinga um innviði og gístimöguleika, fræðslu (t.d. varðandi öryggi og útbúnað) auk annarra upplýsinga um tiltekna gönguleið, t.d. náttúru- og menningarminjar, veðurfar og sögu svæðisins. Megin reglan er að ferðamenn eru á eigin ábyrgð þegar þeir ferðast um náttúru Íslands, sem er gott að taka fram á upplýsingavefsíðum sem og upplýsingaskiltum.

Tafla 1. Samantekt á viðmiðum fyrir Stiku I, II og III

Viðmið	Stika I	Stika II	Stika III
Gönguleið er stikuð	Já	Já	Já
Vegprestar á þeim stöðum þar sem gönguleiðir greinast	Já	Já	Já
Upplýsingar um gönguleið aðgengilegar t.d. á vefsíðu ferðafélags	Já	Já	Já
Skilgreindir náttstaðir	Ekki krafa	Að hluta	Já
Tjaldstæði og/eða skálagisting í náttstað	Ekki krafa	Oftast	Já
Ástandsmat vor og haust, eftirfylgni	Já	Já	Já
Upplýsinga- og fræðsluskilti við hverja dagleið	Ekki krafa	Ekki krafa	Já
Skilgreint opnunartímabil	Ekki krafa	Ekki krafa	Já
Umsjónaraðilar skilgreindir og virkir	Já	Já	Já
Dæmi um leið, m.v. ástand í mars 2022	Vatnaleið	Fimmvörðuháls, Strútsstígur, Sveinst.-Skæl., Kjalvegur	Laugavegur, Víknaslóð

Í drögum að tillögum vinnuhópsins, sem sett voru í samráðsgátt stjórnvalda, var ekki gerð krafa um að gönguleiðir í flokki Stiku I væru að fullu stikaðar. Ekki var heldur gerð krafa um að vegprestar væru til staðar þar sem gönguleiðir greinast í flokkum Stiku I og II. Báðum þessum atriðum var breytt eftir umræðu í vinnuhópnum um efni innsendra umsagna, á þá leið að allar gönguleiðir sem teknar yrðu inn í Stiku-kerfið skyldu vera stikaðar að öllu leyti og að vegprestar skyldu ætíð vera til staðar þar sem leiðir greinast. Að baki þessum breytingum liggja öryggissjónarmið. Vinnuhópurinn telur hugmyndir um gönguleiðir sem eru óstikaðar og ógreinilegar á yfirborði en vel ferlaðar fyrir GPS-tæki vera mikilvæga viðbót í gönguleiðaflórana en ekki henta í kerfi sem þetta, vegna þess hve erfitt það yrði að tryggja öryggi þeirra sem nota gönguleiðirnar.

Leiðbeiningar eru til staðar á godarleidir.is sem ábyrgðaraðilar gönguleiða geta nýtt sér varðandi atriði eins og merkingar og skilti en einnig varðandi gerð og viðhald göngustíga.

2.5 Erfiðleikastig og innviðir

Vinnuhópurinn kynnti sér nokkra þeirra erfiðleikastuðla fyrir gönguleiðir sem notaðir hafa verið hérlandis og erlendis. Má þar t.d. nefna kerfi sem notuð hafa verið hjá

- Ferðafélagi Íslands
- Ferðamálastofu
- verndarsvæðum á vegum UST og Vatnajökulsþjóðgarðs
- erlendum aðilum, t.d. á Nýja-Sjálandi og í Sviss

Hópurinn leggur til að notuð verði sama flokkun á erfiðleikastigi gönguleiða og stuðst er við á verndarsvæðum hérlandis. Flokkunarkerfið er úr *Handbók um merkingar á ferðamannastöðum*¹³, sem nú hefur verið uppfærð og nefnist Vegrún¹⁴. Viðmið um erfiðleikastig voru þó ekki uppfærð við sama tilefni.

Lagt er til að notaður verði erfiðleikastuðull fyrir gönguleiðir sem hefur verið í notkun á verndarsvæðum¹⁵:

- **Auðveld leið (blá):** Góðir stígar með sléttu undirlagi að jafnaði, án teljandi hindrana eða erfiðleika.
- **Krefjandi leið (rauð):** Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri óslétta og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.
- **Erfið leið (svört):** Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár, brattlendi og klettahöft, sem við slæmar

¹³<https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefid-efni/fraedslurit/handbok-um-merkingar-a-ferdamannastodum-og-fridlondum>

¹⁴ <https://godarleidir.is/vegrun/innangur>

¹⁵ Vatnajökulsþjóðgarður (e.d.)

aðstæður geta verið hættulegar. Leiðir sem eru ekki fyrir óvana ferðamenn.

Hér eru ekki taldir upp þrjú undirflokkar fyrir hreyfihamlaða, en sjá má heildarflokkun erfiðleikastigs á verndarsvæðum í Viðauka III. Gera má ráð fyrir að flestar gönguleiðir sem til umfjöllunar eru í þessu verkefni (gönguleiðir sem eru tvær dagleiðir eða lengri) falli undir krefjandi leið (ákveðnir hlutar leiðanna geta þó á löngum köflum fallið undir auðveldu leið). Ekki er talið ákjósanlegt að velja gönguleiðir í kerfi Stiku fyrir gönguleiðir sem krefjast sérhæfðar þekkingar og þjálfunar (gönguleiðir í svörtum flokki).

Þá þurfa fyrir flesta ferðamenn að vera til staðar lágmarks innviðir og þjónusta, svo sem varðandi aðgengi, möguleikar á gistingu auk salerna. Einnig þurfa merkingar að vera í lagi til þess að tryggja öryggi og auðveldu gestum að rata, en einnig ítarleg upplýsingaskilti með helstu upplýsingum.

Þá er öryggi ferðamanna aukið með auknu eftirlit, skipulagi og ákveðnum kröfum um betri innviði og hlutverk umsýsnaraðila að miðla upplýsingum til notenda. Einnig er mikilvægt að innviðir séu hannaðir á þann hátt að þeir hafi sem minnst neikvæð áhrif á náttúru upplifun, til þess að varðveita náttúru- og menningarminjar, en jafnframt að gæta að hönnun og heildaryfirbragð sé leyst á faglegan hátt þar sem innviðir falli í umhverfið með lágstemmdu yfirbragði. Í samhengi hönnunar og heildaryfirbragðs mætti horfa til ráðgjafar löggildra hönnuða, svo sem landslagsarkitekta og/eða arkitekta.

Komi síðar til þess að stofnanir innleiði annan erfiðleikastuðul gönguleiða lítur vinnuhópurinn svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota þann stuðul í Stiku-kerfinu.

2.6 Öryggismál

Í þingsályktuninni sem vinnuhópurinn vannur eftir er tekið fram að hópnum beri að fjalla m.a. um öryggisstig gönguleiða. Vinnuhópurinn setti á laggirnar sérstakan málefnaþóp um öryggismál sem hittist einu sinni og ræddi þau mál á víðum grundvelli. Einnig voru öryggismál rædd töluvert á fundum vinnuhópsins, sérstaklega í upphafi starfsins.

Í framhaldi þessa var rætt við Slysavarnafélagið/Landsbjörg (SL) um möguleika á að útbúa talninga- eða skráningakerfi vegna gönguleiða á vefsíðunni safetravel.is, í tengslum við virkni á þeim vef þar sem ferðafólki gefst kostur á að skila inn ferðaáætlun, sem nýtist SL ef hefja þarf leit. Á vegum SL var kannaður möguleiki á þessu og verkið kostnaðarmetið. Vegna tímaskorts náðist ekki að fylgja þessum verkhluta eftir inn í tilraunaverkefni vinnuhópsins. Vinnuhópurinn telur engu að síður að skráning af þessu tagi geti verið mikilvægt skref í að bæta öryggi göngufólks á gönguleiðum og geti einnig gefið mikilvægar upplýsingar um fjölda göngufólks á skilgreindum lengri gönguleiðum.

2.7 Fjármögnun

Fjármögnun vinnu við gerð og/eða framfylgd þeirrar stefnu fyrir einstaka lengri gönguleiðir sem hér er lögð til gæti verið hluti af fjárlögum verndarsvæða eða stofnana, eða hluti af verkefnum innan landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru- og menningarminja. Fyrir landsvæði sem ekki eru í eigu ríkisins mætti sækja styrki til áætlanagerða og framkvæmda, m.a. í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Að öðru leyti en að benda á ofangreint leggur hópurinn ekki fram tillögur um fyrirkomulag fjármögnunar á uppbyggingu og viðhaldi innviða á lengri gönguleiðum. Í kaflanum um niðurstöður tilraunaverkefnis er hins vegar gerð grein fyrir þeim sjónarmiðum varðandi fjármál og fjármögnun sem fram komu hjá þátttakendum í tilraunaverkefninu.

2.8 Stefnu- og upplýsingaskjal fyrir gönguleiðir

Vinnuhópurinn leggur til að unnið verið stefnu- og upplýsingaskjal fyrir hverja gönguleið þar sem tekin er saman stefnumótun samstarfshóps um gönguleiðina, sbr. tillögur hér að ofan. Stefnu- og upplýsingaskjalið verði lifandi plagg, uppfært af samstarfshópi þegar þörf krefur. Æskilegt er að nýjasta útgáfa stefnu- og upplýsingaskjalsins verði ávallt aðgengileg notendum og umsjónaraðilum, t.d. á vefsvæði gönguleiðarinnar og/eða á upplýsingaskiltum á gönguleiðinni sjálfri.

Stefnu- og upplýsingaskjal fyrir tiltekna gönguleið myndi þannig fjalla um:

- Ástandsmat gönguleiðar, tíðni þess og framkvæmd (þegar frá líður) samantekt á niðurstöðum
- Flokkun gönguleiðarinnar (Stika I, II eða III), forsendur fyrir flokkuninni og stefna samstarfshóps um innviði á gönguleiðinni
- Samstarfshópur, samsetning og verkaskipting
- Erfiðleikastig og öryggismál, þ. á m. umfjöllun um viðhald innviða í þágu öryggis
- Fjármögnun

Slík stefnu- og upplýsingaskjal gætu vel átt heima innan eða sem hluti af öðrum stjórnunar- og verndaráætlunum sem ná yfir þau svæði sem gönguleið er hluti af, t.d. innan þjóðgarða og verndarsvæða.

Sem dæmi um ítarefni sem gæti komið fram í þroskuðu stefnu- og upplýsingaskjali um gönguleið má nefna:

- Markhópa sem gönguleiðinni er ætlað að koma til móts við (þ.e. þjónustusinnaðra eða náttúrursinnaðra ferðamanna),
- Ítarleg umfjöllun um niðurstöður mats á ástandi gönguleiðar og þróun ástands gegnum tíðina. Yfirlit yfir fjölda gesta. Vísað í rannsóknir ef við á, svo sem rannsóknir á þolmörkum, viðhorfsrannsóknir gesta á svæðinu eða rannsókna á sviði náttúru-, umhverfis og menningarminja.

- Umfjöllun um náttúru- og menningarminjar sem eru sérlega viðkvæmar og/eða njóta aukinnar lagalegrar verndar. Viðkvæm svæði eru t.d viðkvæm gróður- og vistkerfi, mikilvæg búsvæði lífvera, viðkvæmar jarðmyndanir og viðkvæmar menningarminjar
- Framtíðarsýn um hönnun innviða, uppbyggingu þeirra og viðhald, merkingar á gönguleiðinni og fræðslu til gesta

2.9 Stuðningur við umsjónaraðila gönguleiða

Vinnuhópurinn gerir það að tillögu sinni að vefsíðan godarleidir.is verði nýtt til frekari vinnu og utanumhalds um þetta verkefni. Á vefsíðunni mætti hafa yfirsýn yfir þær gönguleiðir sem samþykktar hafa verið inn í kerfið, öll gögn um kerfið sjálft og þær reglur sem gönguleiðir þurfa að uppfylla til að komast inn í kerfið, auk leiðbeininga til samstarfshópa.

Í samráðsferli komu fram ábendingar um að tryggja þyrfti að umsjónaraðilar hafi á að skipa faglegri þekkingu til að marka stefnu um magn og umfang innviða eða standi til boða viðeigandi leiðsögn og stuðningur hvað það varðar. Vinnuhópurinn leggur til að viðeigandi stofnun verði falið að útbúa slíkar leiðbeiningar og að veita slíkan stuðning til þeirra aðila sem þess óska og að ofangreind vefsíða, godarleidir.is, verði nýtt til að hýsa þær upplýsingar.

3. Tilraunaverkefni

3.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur tilraunaverkefnis er að prófa tillögur vinnuhóps og jafnframt fá umsagnir og samstarf við umsjónaraðila gönguleiða við mótun tillagna. Einnig til að fá umsögn og reynslu umsjónaraðila af rekstri og utanumhaldi gönguleiða sem munu nýtast við gerð tillagna vinnuhóps að stefnumótun um gönguleiðir.

Tilgangur og markmið tilraunaverkefnis eru eftirfarandi:

- Koma á samstarfi vinnuhóps við umsjónaraðila/samstarfshópa gönguleiða
- Fá reynslu á verkfæri Umhverfisstofnunar til að meta ástand gönguleiða
- Í tilraunaverkefni er hlutverk umsjónaraðila að sjá um að vinna ástandsmat vor og haust og að vera umsagnar- og samráðsaðili varðandi tillögur vinnuhóps um stefnumótun um gönguleiðir.

Í töflu 2 hér að neðan má sjá hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem koma að tilraunaverkefni.

Tafla 2. Hlutverk og ábyrgð haghafa í tilraunaverkefni

Haghafi	Hlutverk	Ábyrgð
Vinnuhópur um gönguleiðir	Umsjón og framkvæmd	<ul style="list-style-type: none"> • Halda utan um samstarf og samráð við umsjónaraðila gönguleiða. • Fylgja eftir tilraunaverkefni og skrásetja niðurstöður úr því • Skrásetja tillögur og umsagnir umsjónaraðila
Umsjónaraðili/samstarfshópur	Framkvæmd og umsögn	<ul style="list-style-type: none"> • Framkvæma ástandsmat á gönguleið • umsagnaraðili um tillögur vinnuhóps. • Marka stefnu um Stiku viðmið I, II eða III sem stefnt er að því að gönguleið uppfylli.
Umhverfisstofnun	Þróun matsskala	<ul style="list-style-type: none"> • Þróa verkfæri til að meta ástand gönguleiða


3.2 Val á gönguleiðum í tilraunaverkefni

Eftirfarandi listi inniheldur dæmi um lengri gönguleiðir sem eru eða hafa verið í þróun undanfarin ár og uppfylla skilgreiningu verkefnisins (tvær dagleiðir eða lengri). Ekki er um tæmandi lista að ræða en hægt er að nálgast feril sumra

Þessara gönguleiða á korti í verkefninu Íslenskir þjóðstígar á vef Ferðamálastofu¹⁶:

- Reykjavegur (Reykjanesviti-Þingvellir)
- Pílagrímsleið (Bær í Borgarfirði-Skálholt)
- Kjalvegur hinn forni (Hvítárnes-Hveravelli)
- Fimmvörðuháls (Skógar-Þórsmörk)
- Laugavegur (Landmannalaugar-Þórsmörk)
- Kerlingarfjallahringur (Kerlingarfjöll-Kerlingarfjöll)
- Strútsstígur-Sveinstindur (Hvanngil-Sveinstindur)
- Austurstræti (Lón-Fljótisdalur)
- Öskjuvegur (Herðubreiðarlindir-Svartárkot)
- Víknaslóðir (Borgarfjörður Eystri-Mjóifjörður)
- Vesturfirðir (Brjánslækur-Bjargtangi)
- Vatnaleið (Bifröst-Hnappadalur)

Niðurstaða vinnuhóps var að velja þrjár gönguleiðir til skoðunar í tilraunaverkefni (sjá mynd 1). Laugavegur var sjálfvalinn í tilraunaverkefnið. Hinar tvær gönguleiðirnar voru valdar vegna þess hve frábrugðnar þær eru frá Laugavegi hvað þróun, kynningu, staðsetningu, eignarhald lands og innviði varðar. Í vali gönguleiða til þátttöku í tilraunaverkefninu felst ekki mat á gæðum gönguleiða. Tilgangur verkefnisins var aðeins að prófa tillögur vinnuhópsins og fá umsjónaraðila gönguleiða að borðinu til umsagnar.



Mynd 1. Gönguleiðirnar sem voru valdar til að taka þátt í tilraunaverkefni vegna stefnumótunar fyrir gönguleiðir. Kortagerð: LMÍ.

¹⁶ Gísli Rafn Guðmundsson (2014)

Laugavegur er þroskuð gönguleið sem flestir þekkja. Margir aðilar koma að Laugavegi, m.a. Umhverfisstofnun, Skógræktin og Ferðafélag Íslands. Gönguleiðin fer um tvö sveitarfélög, Rangárþing ytra og Rangárþing eystra. Umhverfisstofnun heldur utan um samstarfshóp. Vinnuhópurinn leggur til að samstarfshópur tilgreini einn fulltrúa sem verði tengiliður við vinnuhóp fyrir hönd samstarfshópsins.

Vatnaleiðin er gönguleið í þróun og er í umsjón Ferðafélags Borgarfjarðarhéraðs. Vatnaleiðin var tekin inn í tilraunaverkefnið þar sem hún er töluvert minna þróuð en bæði Laugavegurinn og Víknaslóðir, bæði hvað varðar innviði og fjölda göngufólks.

Víknaslóðir er töluvert þroskað net gönguleiða með öllum helstu innviðum. Landverðir starfa við gönguleiðirnar yfir sumartímann, gönguleiðirnar eru stikaðar og gístimöguleika er að finna í hverjum náttstað. Að því leyti eru Víknaslóðir nokkuð líkar Laugavegi. Þetta net gönguleiða var tekið inn í tilraunaverkefnið m.a. til að stuðla að dreifingu leiða í tilraunaverkefni um landið og vegna fjölbreytts eignarhalds á landi.

Í töflu 3 má sjá samanburð á þeim þremur gönguleiðum sem skoðaðar voru vegna tilraunaverkefnis. Magn innviða miðar við stöðuna í mars 2022. Síðan þá hafa bæst við töluverðir innviðir á Vatnaleið.

Tafla 3. Samanburður á eiginleikum gönguleiða sem tóku þátt í tilraunaverkefni.

*: Hér er miðað við gönguleiðina Borgarfjörður eystri yfir í Mjóafjörð en Víknaslóðir eru í raun mun víðfemara net gönguleiða sem telur alls um 160 km. **: Nánari útlístun á aðferðafræði við greiningu á landi sem gönguleiðir fóru um í land í opinberri eigu annars vegar og einkaland hins vegar má sjá í Viðauka III: Eignarhaldsgreining.

Viðfang	Laugavegur	Víknaslóðir*	Vatnaleið
Einkaland**	0%	64%	41%
Land í opinberri eigu**	100%	36%	59%
Mjög erfið			
Krefjandi	x	x	x
Ekki erfið			
Fjölfarin	x	x	
Fáfarin			x
Miklir innviðir	x	x	
Miðlungs innviðir			
Litlir innviðir			x
Fjöldi sveitarfélaga sem leið fer um	2	2	1
Fjöldi dagleiða	4	4	3
Lengd	55 km	51 km	51 km
Skilgreindur umsjónaraðili eða samstarfshópur	x	x	X

3.3 Hlutverk umsjónaraðila í tilraunaverkefni

Hlutverk umsjónaraðila í tilraunaverkefni er eftirfarandi:

- Áætla Stiku viðmið I, II eða III sem stefnt er að því að gönguleið uppfylli. Í því skyni er mikilvægt að taka tillit til friðlýsinga og þeirra laga og reglna sem gilda á viðkomandi svæði gönguleiðarinnar.
- Tryggja að reglulega sé fylgst með ástandi gönguleiðar, t.a.m. með því að nýta verkfæri UST til að meta ástand gönguleiða, og að unnið sé að aðgerðum eftir því sem niðurstöður úr matinu gefa tilefni til. Slíkar aðgerðir geta eftir atvikum verið til langs eða skamms tíma og geta jafnframt nýst til áætlanagerðar um uppbyggingu, viðhald og umsjón gönguleiðar. Gert er ráð fyrir að mat fari fram að vori og hausti.
- Gegna hlutverki umsagnar- og samráðsaðila vegna tillaga vinnuhóps um stefnumótun um gönguleiðir. Niðurstöður umsagna og tillagna verði m.a. nýttar inn í tillögur vinnuhóps um stefnumótun um gönguleiðir

Ástandsmats verkfæri gönguleiða byggir á ástandsmats verkfæri Umhverfisstofnunar sem hefur verið nýtt til mats á verndarsvæðum undanfarin ár. Matið krefst ekki sérhæfðrar þjálfunar eða þekkingar og gerir ráð fyrir að hver sem er geti framkvæmt matið en fara þarf um svæðið til að fylla út matskvarðann í verkfærinu.

3.4 Framkvæmd tilraunaverkefnis

Kynningarfundur: Tilraunaverkefni um gönguleiðir var formlega hleypt af stokkunum á kynningarfundi vinnuhópsins með væntanlegum þátttakendum í tilraunaverkefninu. Fundurinn var haldinn á Teams 20. maí 2022. Á fundinn var boðið fjölda fólks sem eiga aðkomu á einn eða annan hátt að gönguleiðunum þremur og mættu 17 þeirra á fundinn.

Á fundinum kynntu formaður og verkefnisstjóri hópsins starf hans að mótun stefnu fyrir gönguleiðir og drög að tillögum hópsins. Einnig kynnti fulltrúi Umhverfisstofnunar í hópnum nýtt verkfæri sem stofnunin hefur þróað til að meta ástand gönguleiða. Að kynningum loknum voru góðar umræður um efni kynninganna. Fulltrúar allra gönguleiðanna þrjú sem boðið hafði verið að taka þátt í tilraunaverkefninu lýstu yfir miklum áhuga á þátttöku.

Tilhögun samstarfs, samskipti og fræðsla: Framkvæmdaraðilar tilraunaverkefnisins fyrir hönd hversar gönguleiðar voru samstarfshópar um gönguleiðina, sbr. kaflann „*Umsjón með einstaka gönguleiðum – samstarfshópar*“. Innan hvers samstarfshóps var einn tengiliður við vinnuhópinn og gegndi formaður vinnuhópsins hlutverki tengiliðs við samstarfshópana. Í því fólst eftirfylgni með að verkefnið væri komið af stað og markmið þess næðust. Starfsmenn UST tóku að sér að leiðbeina samstarfshópunum um notkun verkfæris til að meta ástand gönguleiða. Í kjölfarið var gert ástandsmat á öllum gönguleiðunum þremur.

3.5 Niðurstöður tilraunaverkefnis

Allir samstarfshópar náðu að framkvæma tilraunaverkefnið að hluta eða í heild. Tengiliðir samstarfshópa við vinnuhópinn sendu hópnum þau gögn sem féllu til við vinnslu verkefnisins og í framhaldi af því var boðað til uppgjörsfundar sem öllum samstarfshópnum, auk allra fulltrúa í vinnuhópnum, var boðið til. Fundurinn var haldinn 6. desember 2022. Í töflu 4 og eftirfarandi texta er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum verkefnisins.

Tafla 4. Staða verkþátta í tilraunaverkefni um gönguleiðir í desember 2022.

Markmið	Laugavegur	Vatnaleið	Víknaslóðir
Samstarfshópur skilgreindur	Lokið	Lokið	Lokið að mestu leyti
Ástandsmatstæki UST fyrir gönguleiðir prófað á gönguleiðinni	Lokið	Lokið	Lokið að mestu leyti
Stefnumótun til langs tíma um umfang innviða	Sjálfgefið	Í vinnslu	Í vinnslu

3.5.1 Almennt um stefnumörkunina

Það var samdóma álit allra sem komu að tilraunaverkefninu, bæði þeirra sem tóku beinan þátt sem fulltrúar í samstarfshópum og þeirra sem sóttu kynningarfundinn 20. maí 2022, að brýnt væri að móta stefnu um gönguleiðir og umgjörð þeirra, í því samhengi sem landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminja skapar. Þessi jákvæði andi komst vel til skila í framkvæmd tilraunaverkefnisins.

3.5.2 Samstarfshópar

Allar gönguleiðirnar þrjár eru með nokkuð skýrt mótað, sjálfsprottið verklag og ábyrgðarskiptingu vegna umsjónar með leiðunum en fyrirkomulagið hafði ekki verið formgert áður. Í umræðum um tilraunaverkefnið með aðstandendum gönguleiða kom fram að almennt var álitnið til mikilla bóta að fá skýra leiðsögn um hvaða aðilar sé æskilegt að taki þátt í þessum hópum og einnig að stækka hópinn, fá fleiri aðila að borðinu.

Fulltrúar Víknaslóða bentu á að þeir aðilar, einn eða fleiri, sem eru skilgreindir ábyrgðaraðilar með gönguleið þurfi ekki nauðsynlega að vera sömu aðilar og sinna viðhaldi og öðrum framkvæmdum á gönguleið. Í tilfelli Víknaslóða er sveitarfélagið ábyrgðaraðilinn og Ferðafélagið og Ferðamálahópurinn eru framkvæmdaaðilar.

Hér á eftir eru taldir upp þeir aðilar sem áttu fulltrúa í samstarfshópum um gönguleiðirnar þrjár í tilraunaverkefninu í desember 2022, þegar vinnuhópurinn hitti fulltrúa samstarfshópanna til að fara yfir niðurstöður tilraunaverk en vinnuhópnum er ekki kunnugt um breytingar sem kunna að hafa verið gerðar síðan þá.

- **Laugavegur:** Ferðafélag Íslands, Landgræðslan, Skógrækt ríkisins, Umhverfisstofnun
- **Vatnaleið:** Áfangastofa Vesturlands, Ferðafélag Borgarfjarðarhéraðs, Borgarbyggð, Umhverfisstofnun, landeigendur
- **Víknaslóðir:** Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Ferðamálahópur Borgarfjarðar, Austurbrú, Múlaping. Enn vantaði fulltrúa landeigenda en það var í vinnslu.

3.5.3 Ástandsmat gönguleiða

Nýtt verkfæri til að meta ástand stíga, náttúru og minja var hannað fyrir þetta verkefni (sjá kafla „*Ástandsmat og vöktun*“) og prófað á öllum gönguleiðunum. Þátttakendur töldu þetta form á ástandsmati, sem tekur til hvernar dagleiðar fyrir sig frekar en að einblína á hvern áfangastað, til mikilla bóta fyrir umsjón og stjórnun álags á gönguleiðunum. Sérstaklega var tekið til þess að ástandsmatið er kaflaskipt, þannig að innan hvernar dagleiðar eru gefnar einkunnir fyrir þætti eins og minjar, ástand stíga, ástand gróðurs og innviði, og undireinkunn reiknuð út fyrir hvern þátt. Þannig er auðvelt að sjá í hendingu hvaða þættir eru í góðu lagi á hverri dagleið og hvar skóinn kann að kreppla.

Allir samstafshóparnir gera ráð fyrir að halda notkun þessa matstækis áfram og verður það eitt og sér að teljast mjög jákvæð niðurstaða tilraunaverkefnisins í heild. Í tilfalli Víknaslóða hefur verkfæri Umhverfisstofnunar til að meta ástand ferðamannastaða verið notað á friðuðum svæðum innan göngusvæðisins um árabíl. Reiknað er með því að það verklag haldist og því til viðbótar verði nýtt verkfæri til að meta ástand gönguleiða einnig notað.

Á Víknaslóðum hefur síðan 2018 verið viðhaft það verklag að landverðir, sem sinna friðlýstum svæðum innan göngusvæðisins í ca. 2 mánuði á ári, gera umfangsmikla úttekt á ástandi svæðisins. Einnig er viðhaft það verklag að landverðir reyna að ná tali af öllum landeigendum á hverju sumri og leggja áherslu á að koma verkefnum sem þar er bent á á verkáætlun næsta sumars.

3.5.4 Langtímastefna um umfang innviða

Eitt af markmiðunum með tilraunaverkefninu var að kalla fram umræðu í samstarfshópi hvernar gönguleiðar um framtíðarsýn fyrir gönguleiðina, þ.e., hvort framtíðarsýn þeirra sem að gönguleiðinni standa sé sú að byggðir verði upp miklir eða litlir, jafnvel engir frekari, innviðir fyrir göngufólk (sjá kaflann „*Flokkun gönguleiða, Stika I-III*“). Í kjölfar slíkrar umræðu yrði leiðin svo skilgreind sem Stika I, II eða III. Nú blasir við að t.d. Laugavegurinn, og jafnvel Víknaslóðir, eru nú þegar í flokki Stika III og Vatnaleiðin virðist stefna hraðbyri þangað, jafnvel þó hún hafi getað flokkast sem Stika I snemma árs 2022, þegar tilraunaverkefnið var skipulagt.

3.5.5 Fjármögnun

Allir þátttakendur í tilraunaverkefninu voru sammála um mikilvægi þess að fjármögnun viðhalds og framkvæmda á gönguleiðum sé tryggt. Umboð vinnuhópsins náði ekki til þess að gera tillögur um tilhögun fjármögnunar.

4. Heimildaskrá

- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson. (2016). *Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi*. Ferðamálastofa. Sótt 25. janúar 2022 af https://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/tholmork_atta_mars16-pdf
- Butler, R. W. (2006). *The tourism area life cycle: Application and modifications*. Clevedon, England: Channel View.
- Department of Conservation, Government of New Zealand (e.d.). *Selecting new Great Walks*. Sótt í desember 2023 af <https://www.doc.govt.nz/about-us/our-role/managing-conservation/recreation-management/great-walks-management/selecting-new-great-walks/>
- Gísli Rafn Guðmundsson. (2014). *Íslenskir þjóðstígar - stefnumótun um gönguleiðir*. Efla verkfræðistofa, Ferðamálastofa og Nýsköpunarsjóður námsmanna. Sótt í apríl 2021 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2014/september/islenskir_tjodstigar.pdf
- Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Sótt í apríl 2021 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016020.html>
- Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sótt í mars 2020 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Miljødirektoratet: Søke om autorisasjon som Nasjonal Turiststi (2021). Sótt í ágúst 2021 af <https://www.miljodirektoratet.no/ansvarsomrader/friluftsliv/myndigheter/soke-om-autorisasjon-som-nasjonal-turiststi/>
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2019). Heildræn skráning á fornum leiðum á miðhálandinu. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og Rammaáætlun. Sótt í september 2021 af <https://www.ramma.is/media/banners/Heildraen-skraning-a-fornum-ferdaleidum.pdf>
- Skipulagsstofnun (2015). Reykjavík. Skipulag og ferðamál – hugmyndahefti. Sótt í júní 2021 af https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Skipulag_og_ferdamal.pdf
- Stankey, G.H. (1982). Recreational Carrying Capacity Research Review. *Ontario Geography* 19, 1982.
- Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og minjum -Verkefnaáætlun 2019-2021 (2019). Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Sótt í apríl 2021 af [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Endurskodun%20verkefnanaaetlun%20landsaaetlunar%202019-2021%20mars%202019%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Endurskodun%20verkefnanaaetlun%20landsaaetlunar%202019-2021%20mars%202019%20-%20Copy%20(1).pdf)
- Stjórnarráð Íslands (2021). Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Náttúrustígar: Leiðbeiningar um gerð náttúrustíga. *Vegrún: Merkingar á ferðamannastöðum*. Sótt í júní 2021 af www.godarleidir.is
- Vatnajökulsþjóðgarður. (e.d.). *Erfiðleikastuðull gönguleiða*. Sótt 25. Janúar 2022 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/thjonusta/almennar-upplysingar/gonguleidir/erfidleikastudull-gonguleida>
- Wallsten, P. (1988). *Rekreation i Rogen - tillämpning av en planeringsmetod för friluftsliv*. KOMMIT-rapport 1988:2, AVH, Universitetet i Trondheim.

Þingsályktun nr. 27/148 (2018). Þingsályktun um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029. Sótt í apríl af <https://www.althingi.is/altext/148/s/1245.html>

Þorvarður Árnason, David Ostman og Adam Hoffritz (2017). *Kortlagning víðerna á miðhálandi Íslands: Tillögur að nýrri aðferðafræði*. Háskóli Íslands – Rannsóknasetur á Hornafirði.

Viðauki I: Framtíðarþróun verkefnisins

Í þriðja flokknum, Stika III, má hugsa sér að ákveðnar gönguleiðir geti þróast enn frekar til lengri tíma og jafnvel fallið í flokk sérstaklega skilgreindra „úrvalsleiða“. Slíkar gönguleiðir væru þá sérstaklega áhugaverðar út frá upplifun og fjölbreytileika, með miklum gæðum þegar horft er til útsýnis, landslags og/eða annarra gæða. Á þeim gönguleiðum gæfist notandanum tækifæri til að upplifa stórbrotið landslag eða annað sem gæti gefið tilefni til að þær falli í flokk úrvalsleiða. Eftirfarandi listi gefur hugmynd um þau atriði sem slíkar gönguleiðir gætu uppfyllt og er m.a. unnið upp úr stöðlum varðandi Great Walks á Nýja-Sjálandi¹⁷ og Norwegian Scenic Paths (Nasjonale turistier)¹⁸:

- Gönguleiðin ásamt innviðum hefur burði til að taka við auknum fjölda notenda án of mikillar áhættu á tapi á gæðum þegar horft er til náttúru- og menningarverðmæta
- Gönguleiðin er innan lands í opinberri eigu eða samningur liggja fyrir um leyfi viðkomandi landeigenda til lengri tíma (samningur við forsætisráðuneyti þarf að liggja fyrir v. leiða innan þjóðlenda). Jafnframt að fyrir liggja samþykki og/eða viljayfirlýsing viðkomandi sveitarfélags, heimamanna og umsjónaraðila þess landsvæðis sem gönguleið nær yfir
- Gönguleiðin sé sérstaklega áhugaverð út frá upplifun og fjölbreytileika, með miklum gæðum þegar horft er til útsýnis, landslags og/eða annarra gæða
- Fýsileiki jákvæður fyrir því að koma fyrir fullnægjandi innviðum, svo sem út frá landhalla, tjónnæmi/sérlega viðkvæmra svæða eða öðru sem gæti mögulega takmarkað eða heft innleiðingu þeirra
- Stuðningur og vilji heimamanna og viðkomandi sveitarfélags fyrir því að gönguleiðin sé skilgreind sem „úrvalsleið“
- Nálægð gönguleiðar við aðrar gönguleiðir sem kunna þegar að hafa verið skilgreindar sem úrvalsleiðir
- Gönguleiðin sé a.m.k. tvær dagleiðir, með lengd hvernar dagleiðar um 4-8 klst, með skilgreindri salernisaðstöðu og gistingumöguleikum í lok hvernar dagleiðar (undanskilið þessu er við upphaf og endi leiðarinnar)
- Aðgengi er að gönguleiðinni með almenningssamgöngum við upphaf og endi gönguleiðarinnar, eða unnið sé markvisst að því að koma á slíkri tengingu
- Að skilgreining gönguleiðar sé í samræmi við gildandi stefnur og skipulagsáætlanir viðkomandi sveitarfélags
- Fyrir liggja stefna um gönguleiðina*
- Að gönguleiðin uppfylli hæfilegt erfiðleikastig og aðgengi, að ekki sé þörf á sérkunnáttu til að ganga gönguleiðina

¹⁷ Department of Conservation, Government of New Zealand (e.d.): *Selecting new Great Walks*.

¹⁸ Miljöldirektoratet: Søke om autorisasjon som Nasjonal Turiststi (2021)

Horft verði til eftirfarandi atrið við gerð stefnu- og upplýsingaskjals um gönguleiðirnar:

- Markhópa sem gönguleiðinni er ætlað að koma til móts við (þ.e. þjónustusinnaðra eða náttúrursinnaðra ferðamanna),
- Framtíðarsýn, hönnun, uppbyggingu og viðhald, merkingar og fræðslu til gesta
- Vöktun á umhverfisáhrifum (með ástandsmat verkfæri gönguleiða) og fjölda gesta. Vísað í rannsóknir ef við á, svo sem rannsóknir á þolmörkum, viðhorfsrannsóknir gesta á svæðinu eða rannsókna á sviði náttúru-, umhverfis og menningarminja.
- Umfjöllun um náttúru- og menningarminjar sem eru sérlega viðkvæm eða ber að verndaá

Komið verði á miðlægri upplýsingasíðu eða vefsíðu með gagnlegum upplýsingum varðandi innviði, gistimöguleika, fræðslu (svo sem varðandi öryggi og útbúnað) auk annarra upplýsinga er við kemur tilekinni gönguleið svo sem náttúru- og menningarminjar, veðurfar og sögu svæðisins. Í því sambandi mætti skoða gagnagrunn sem er í notkun og inniheldur leiðbeiningar um gerð og merkingar göngustíga godarleidir.is.

Viðauki II: Stýring

Í 18. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 kemur fram eftirfarandi varðandi umferð gangandi manna¹⁹:

“Mönnum er heimilt, án sérstaks leyfis landeiganda eða rétthafa, að fara gangandi, á skíðum, skautum og óvélknúnum sleðum eða á annan sambærilegan hátt um óræktað land og dveljast þar. [Á eignarlandi í byggð er eiganda eða rétthafa þó heimilt að takmarka eða banna með merkingum við hlið og göngustiga umferð manna og dvöl á afgirtu óræktuðu landi.]

För um ræktað land, sbr. 20. tölul. 5. gr., og dvöl þar er háð samþykki eiganda þess eða rétthafa. [Þrátt fyrir að skógræktarsvæði teljist ræktað land í skilningi laga þessara er för um svæðið og dvöl þar ekki háð samþykki eiganda þess eða rétthafa eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið.]”

Í þessu samhengi má því líta svo á að ekki sé heimild til að hefta för göngufólks með neinum hætti utan eignarlanda í byggð en hægt er að hugsa sér að koma á framfæri tilmælum varðandi umgengni, t.d. einstefnu á ákveðnum gönguleiðum. Varðandi bókunarkerfi og talningu er að öllum líkindum ekki hægt að hamla för göngufólks sé það ekki bókað eða skráð, heldur væri það frekar í formi tilmæla. Einnig mætti koma á fót skráningarkerfi skv. tilmælum til að öðlast yfirsýn yfir för gesta og jafnframt mætti talning gesta fara fram með slíku fyrirkomulagi.

Í 1. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 segir svo um markmið laganna²⁰:

“Markmið laga þessara er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum.

Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða.

Lögin eiga að:

- a. stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur,*
- b. auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarmínjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna,*
- c. tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.”*

¹⁹ Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd

²⁰ Ibid.

Í 2. grein áður nefndra laga um náttúruvernd kemur fram um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir²¹:

“Til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því:

- a. að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða,*
- b. að standa vörð um og efla vistkerfi landsins svo eðli þeirra, gerð og virkni sé tryggð til framtíðar,*
- c. að varðveita tegundir lífvera og erfðafræðilega fjölbreytni þeirra og tryggja ákjósanlega verndarstöðu þeirra þannig að tegundirnar nái að viðhalda sér í lífvænlegum stofnum til lengri tíma á náttúrulegum búsvæðum sínum. Þetta markmið gildir ekki fyrir framandi tegundir.”*

Í 3. grein laga um náttúruvernd kemur fram eftirfarandi varðandi verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni²²:

“Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því:

- a. að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins,*
- b. að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu,*
- c. að vernda vatnsfarvegi, fossa og stöðuvötn svo sem kostur er,*
- d. að varðveita landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis,*
- e. að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.”*

Af 1.-3. grein laga um náttúruvernd leiðir að æskilegt væri að stefna um gönguleiðir taki m.a. mið af eftirfarandi:

- Vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða
- Auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru- og menningarminjum og tryggja rétt hans til að fara um landið og njóta náttúrunnar
- Stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni
- Stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni og fjölbreytni landslags
- Standa vörð um óbyggð víðerni landsins

Til að koma til móts við ofangreint er lagður grunnur að verkfæri til að meta ástand gönguleiða (sjá kafla „Ástandsmat og vöktun“).

Þar sem stjórnvöld hafa ekki enn lokið kortlagningu óbyggðra víðerna skv. ákvæði til bráðabirgða, 8. t.l., náttúruverndarlaga og ekki liggur ljóst fyrir hvernig óbyggð

²¹ Ibid.

²² Ibid.

víðerni verða skilgreind nákvæmlega í slíkri kortlagningu, telur hópurinn ekki rétt að leggja fram leiðbeiningar varðandi innviði í tengslum við gistimöguleika innan óbyggðra víðerna. Hugsanlegt er að slíkar leiðbeiningar verði lagðar fram þegar slík skilgreining og kortlagning liggja fyrir.

Í rannsókn á þolmörkum ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi eru nefndar ýmsar leiðir til að stýra aðgengi og álagi á áfangastöðum. Sem dæmi að loka svæðum, takmarka umferð einkabíla, stýra flæði með upplýsingum, innviðum eða lokunum (varanlega eða tímabundið) auk gjaldtöku.²³

Aðgangsstýring á t.d. Laugavegi hefur til þessa að vissu leyti farið fram með takmörkuðu gistiplássi. Til þess að stýra aðgengi mætti í þessu samhengi til nánustu framtíðar horfa til þess að skilgreina hámarks gistipláss innan gönguleiða. Til lengri tíma litið mætti horfa til aðgangsstýringar þar sem göngufólk gæti bókað eða skráð sig á miðlægum gagnagrunni eða vefsíðu á internetinu. Fylgjast mætti með ástandi gönguleiða með nýju verkfæri Umhverfisstofnunar og koma á takmörkunum á fjölda gesta ef með þyrfti. Slíkt væri hægt að gera á ákveðnum gönguleiðum, gerist þess þörf. Með skráningarkerfi opnast jafnframt möguleiki á að hóflegt gjald sé tekið fyrir að ganga tiltekna gönguleið og gæti gjaldið m.a. nýst upp í kostnað til viðhalds á innviðum.

²³ Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016

Viðauki III: Erfiðleikastig

Eftirfarandi er erfiðleikastuðull fyrir gönguleiðir sem hefur verið í notkun á verndarsvæðum héraðs²⁴:

- **Auðveld leið (blá):** Góðir stígar með sléttu undirlagi að jafnaði, án teljandi hindrana eða erfiðleika.
- **Krefjandi leið (rauð):** Leiðir og stígar sem geta falið í sér lengri óslétta og erfiða kafla og hindranir, svo sem óbrúaða læki og minni ár, lausamöl, há uppstig o.s.frv.
- **Erfið leið (svört):** Leiðir og stígar sem fela í sér hindranir og erfiðleika á borð við stærri óbrúaðar ár, brattlendi og kletthöft, sem óvönnum og við slæmar aðstæður geta verið hættulegar.
- **Stígar fær einstaklingum með gönguhömlun:** Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella mega ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru yfir 75 cm breiðir. Halli á stíg og eða skábraut fer að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%) og aldrei yfir 1:12 (8%). Bil á milli handriða er um 90 cm og aldrei meira en 120 cm. Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m millibili.
- **Stígar fær einstaklingum í hjólastól með aðstoðarmann:** Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella mega ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru 90 cm eða breiðari. Halli á stíg og eða skábraut er að jafnaði ekki yfir 1:15 (6,7%), þurfi að brúa meiri hækkun t.d. með þrepum þá séu ekki fleiri en eitt þrep í einu og ekki fleiri en 3 stök þrep á hverja 50 m. Hvíldarflötur sé ekki styttra en 120 cm eftir hvert þrep. Hvert þrep sé ekki hærra en 15 cm. Hvíldarsvæði með bekkjum eru með um 100 m. millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina. Hliðarkantar á skábrautum a.m.k. 4 cm.
- **Stígar fær einstaklingum í hjólastól án aðstoðarmanns:** Stígar eru með bundnu slitlagi, timburpallar eða þjöppuðu malarlagi án lausamalar á yfirborði. Rifur á milli fjala og eða hella má ekki vera meiri en 5mm. Stígar eru 90 cm eða breiðari. Halli á stíg og eða skábraut fari að jafnaði ekki yfir 1:20 (5%), þurfi að brúa meiri hækkun skulu vera hjálparhandriði á þeim stöðum, þó fari halli aldrei yfir 1:15 (6,7%), bil á milli handriða sé um 90 cm og aldrei meira en 120 cm. Hliðarhalli á stígum sé að jafnaði ekki meiri en 1:50 (2%). Hvíldarsvæði með bekkjum séu með um 100 m millibili og með a.m.k. 90 cm breiðu svæði fyrir hjólastóla við bekkina. Meðfram skábrautum skal vera hliðarkantar a.m.k. 4 cm háir.

²⁴ Vatnajökulsþjóðgarður (e.d.)

Viðauki IV: Greining á eignarhaldi lands á gönguleiðum

Unnin var greining á eignarhaldi lands á gönguleiðunum þremur sem tóku þátt í tilraunaverkefni hópsins. Tilgangur greiningarinnar var að bera saman eignarhald á landi sem gönguleiðirnar þrjár í tilraunaverkefni (Laugavegur, Víknaslóðir og Vatnaleið) og hvort það reyndist í eigu opinberra aðila (ríki, sveitarfélög og þjóðkirkjan) eða einkaaðila. Jafnframt var tilgangur hennar að gera athugun á hversu aðgengilegar upplýsingar væru varðandi þá aðila sem fara með eignarhald lands sem gönguleiðir fara um, en samþykki landeigenda þarf að liggja fyrir varðandi gönguleiðir sem fara um land þeirra.

Greiningin var unnin af aðilum innan vinnuhóps, að mestu af verkefnastjóra vinnuhóps, fulltrúa umhverfis og auðlindaráðuneytis (nú umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytis) ásamt fulltrúa Landmælinga Íslands. Fulltrúi LMÍ sá um að útbúa lokaða vefsíðu fyrir vinnuhópinn sem bar vinnuheitið „Útivistarsjá“, með ferlum helstu gönguleiða á Íslandi auk annarra landfræðilegra upplýsinga sem voru gagnleg og tengdust verkefninu.

Þá var óskað eftir gögnum um eignarhald lands sem gönguleiðir í tilraunaverkefni fóru um frá Þjóðskrá Íslands. Sérfræðingur hjá stofnuninni tók saman yfirlit með landnúmeri, heiti jarðar (staðfang) ásamt lista yfir eigendur. Sérfræðingurinn nýtti *Útivistarsjána* til þess að greina hvaða landareignir gönguleiðirnar þrjár fóru yfir. Verkefnastjóri vinnuhóps nýtti svo yfirlitið frá Þjóðskrá ásamt því að nýta jarðamörk sem birt eru í landfræðilegu upplýsingunum *Nytjaland 2006* til þess að áætla skiptingu lands í einkaeigu og opinberri eigu. Niðurstöður greiningarinnar eru birtar í meginmáli skýrslunnar, í töflu 3.

Viðauki V: Samantekt á innsendum umsögnum um tillögur vinnuhópsins

Nánari umfjöllun um samráðsferlið er að finna í kaflanum „Inngangur – Samráðsferli“. Hér er efni umsagnanna tekið saman og flokkað eftir efni.

Tafla 5. Yfirlit yfir efni umsagna um drög að tillögum vinnuhópsins úr samráðsgátt stjórnvalda

Efnisatriði	Umsögn	Umsagnar- aðili/-ar
Um vinnuhópinn	<ul style="list-style-type: none"> Vantar fulltrúa náttúruverndarsamtaka Hefði mátt hafa fulltrúa náttúruverndarsamtaka og Slysavarnafélagsins Landsbjargar í hópnum 	1, 5
Nafn á kerfið	Stígur (e. Trail)	1
Um sjálft kerfið	<ul style="list-style-type: none"> Frumkvæði að aðild að kerfinu – einkennilegt að það eigi að koma frá umsjónaraðilum Lítið talað um landeigendur Nauðsynlegt að tryggja eftirfylgni til lengri tíma og tryggja til þess fjármagn og mannskap. Mikilvægt að skýrar reglur, svo og innviðir, séu til staðar til að tryggja þessi atriði á landsvísu Tryggja að umsjónaraðilar hafi á að skipa faglegri þekkingu til að marka stefnu um magn og umfang innviða eða standi til boða viðeigandi leiðsögn og stuðningur hvað það varðar. 	1, 3, 5
Flokkun gönguleiða	<ul style="list-style-type: none"> Sýnileiki gönguleiða í landslagi – ættu ekki alltaf að þurfa að vera sýnilegar/stikaðar. Mikilvægt að hrekja ekki náttúruferðamenn (púrista) frá með innviðauppbyggingu Landupplýsingar – vantar umfjöllun; góðir ferlar geta komið í stað stikunar. Einn flokkurinn gæti miðast eingöngu við að leiðin sé skilgreind í LUK-kerfi á netinu sem notað er til að rata með. 	1, 5
Ástandsmat og vöktun	<ul style="list-style-type: none"> Þetta er forsenda þess að hægt sé að fara í verkefnið Minjastofnun þarf að koma að mati á ástandi minja við gönguleiðir og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna þeirra 	1, 2

Efnisatriði	Umsögn	Umsagnar- aðili/-ar
Aðgengi að upplýsingum	<ul style="list-style-type: none"> Vantar umfjöllun um landupplýsingagögn Vantar umfjöllun um fjarskiptasamband Vantar umfjöllun um hvort eitthvað beri sérstaklega að varast á leiðinni (veðurfar til fjalla, erfiðar brekkur o.s.frv.) 	1, 5
Öryggismál	<ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt að hugað verði að merkingum og öryggismálum sem almennt tengjast gönguleiðum Hafa í huga þegar ákvörðun um merkingu gönguleiðar er tekin að þegar leið er stíkuð kallar hún til sín óvanara fólk en áður. Nauðsynlegt að uppfæra öryggismál í samræmi við þann gestahóp sem sækir svæðið heim Meginkrafa að séu leiðir yfirborðsmerktar á annað borð séu vegprestar við gatnamót og þeim haldið vel við 	4, 5
Samband merkinga og upplifunar	<ul style="list-style-type: none"> Nauðsynlegt að hafa í huga hvernig innviðir breyta upplifun gesta og að mismunandi ferðamenn sækjast í mismunandi svæði 	5
Lagning og viðhald gönguleiða	<ul style="list-style-type: none"> Vel þarf að huga að því að stígar liggi vel að landi, ofaníburður (ef um ræðir) sé í takt við efnið í kring og leiðarval ábyrgt m.t.t. náttúru og öryggis 	5

Umsagnaraðilar:

#1: Sævar Þór Halldórsson

#2: Minjastofnun Íslands

#3: Skagafjörður

#4: Slysavarnafélagið Landsbjörg

#5: Ingibjörg Eiríksdóttir

